

Alþingi
Erindi nr. P 131/1769
komudagur 30.4.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á I. um fjarskipti, nr. 81/2003 (738. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp en ráðið gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar þess:

7. gr.

Með tölulið a er lögð til gríðarleg breyting á rekstrarumhverfi fjarskiptafyrirtækja með því að gera þeim skylt að varðveita upplýsingar um tiltekna fjarskiptanotkun viðskiptavina sinna. Eru þetta upplýsingar sem fram til þessa hafa verið taldar til einkamálefna manna og notið verndar friðhelgi einkalífs. Þegar af þeirri ástæðu telur Verslunarráð það viðurlutamikið að ætla atvinnulífinu hlutverk í slíkri skerðingu persónuverndar. Þá veita ummæli í greinargerð ekki vísbendingu um að með því væri verið að vernda hagsmuni sem eru miklu mun meiri en hagsmunir manna af því að friðhelgi einkalífsins sé virt.

Varðveiting umræddra gagna í heilt ár er bæði tæknilega erfitt, og jafnvel ógjörningur fyrir sum stærri fyrirtæki, og afar kostnaðarsamt. Lítil fjarskiptafyrirtæki meta það svo að kostnaður hlaupi á nokkrum milljónum sem erfitt gæti orðið að velta yfir á viðskiptavini. Þykir því einsýnt að einhver fjarskiptafyrirtæki leggi niður tiltekna þjónustu sem hér er fjallað um.

Verslunarráð leggur til að a liður 7. gr. falli niður.

8. gr.

Verslunarráð veltir því fyrir sér hvort ákvæðið geti hamlað þróun á fjarskiptamarkaði, einkum símatækjamarkaðinum. Eftirspurn neytenda eftir nýjum og hagkvæmari lausnum er óþrjótandi. Einnota símar eru t.a.m. dæmi um þekkta tækni sem getur komið sér vel fyrir neytendum. Verslunarráð telur ekki til bóta ef löggjöf hindrar að íslenskum neytendum


Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

þjóðist ekki öll sú tækni sem fyrirliggur á markaðinum. Verslunarráð telur að hér geti aftur verið um það að ræða að vegið sé að meiri hagsmunum fyrir minni.

9. gr.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.